

Sveitahátíðin dagana 14. – 17. júní

Fundur haldinn í Árnesi 30. apríl 2019

Mætt voru: Anna Kr. Ásm., Hrönn Jónsd., Ástráður Sig., Elvar M. Svansson, Elín Anna Lár., Rosemarie Br. Þorleifsd., Jónas Yngvi Ásgr., Kristófer Tómasson., Skafti Bjarnason, Haraldur Í. Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Harpa Dís Harðard., Vilborg M. Ástr., Ásborg Arnþórsd., Bergur Björnsson, Jóhannes Sigurðss., Eyþór Brynjólfsson.

Dagskrá fundarins: yfirfara punkta frá fyrri fundum, negla niður dagskrá, nafngift, 17. júní.

Landnámsdagurinn/nafnlausu sveitahátíðin:

- Betra að einbeita sér að einhverjum ákveðnum landnámsmanni eða landnámsbæ hvert ár, ekki reyna að kynna allt heldur frekar eitthvað eitt og gera það vel.
- Best væri að bjóða upp á eina góða gönguferð á góðri tímasetningu, frekar en að bjóða upp á of margt á of mörgum stöðum. Hugmynd að ganga að Búða. **Vantar leiðsögumann.**
- Ungmennafélögin með þrautabrautir 17. júní – **Matthías og Ástráður** skoða það og fá fleiri í lið með sér.
- Fjallkonan á sínum stað 17. júní og fá víking/landnámsmann með ræðu.
- Ratleikur sem byrjar á föstudegi og stendur fram að 17. júní - þá verði verðlaunaafhending – **Lára** er til í að aðstoða við að útbúa ratleik – **fá fleiri** í þá vinnu ef unnið verður með landnámsmenn og jarðir – hafa nokkra ratleiki – mismunandi að gerð og þyngd – **einhver sem býður sig fram?**
- Dagskrá í Þjórsárdal: **Jóhannes og Harpa** búa til dagskrá – hafa samband við Ólaf Oddsson.
- Traktorakeppni á sunnudegi?

Alveg ákveðið:

- Grillaðar pylsur og varðeldur á Holtinu á föstudagskvöldinu 14. júní – **á eftir að tala við landeigendur** - hreinsunaráttak í sveitinni (best væri að Lions haldi utan um hreinsunaráttakið og að grilla pylsur) – **Haraldur** fer með þessa hugmynd inn á fund í næstu viku.
- Inni í skógi; ketilkaffi, lummur og landnámssúpa: Jóhannes, Harpa Dís og Bergur halda utan um dagskrá í skóginum á laugardeginum.
- **Kvenfélögin** sjá um Landnámssúpu/Víkingasúpu – velja staðsetningu; Þjóðveldisbærinn/inni í skógi
- Vonandi verður víkingafélagið við Þjóðveldisbæinn og restin úti í skógi. Lögð áhersla á að reyna ekki að gera of mikið og margt í einu.

- Morgunverður: Byrjað verður á því að kanna áhuga á því að gefa morgunverð og ef eitthvað útaf stendur þá þarf að kaupa restina. **Nefndin sér um að kanna það.** Lögð áhersla á að versla við bændur í heimabyggð.
- **Nefndin** ákveður hver er fjallkona og Badda á Reykjum sér um að aðstoða

Föstudagur 14. júní

- Allir íbúar hvattir til að ganga sínar heimreiðar og tína rusl í vikunni – gámasvæði opin lengur – frítt að henda. Lionsmenn? ajá um að safna í brennuna – **Haraldur heldur utan um** - ekki allir að henda á brennuna
- Lions sér um að grilla pylsur við varðeldinn – í boði SKOGN
- Ratleikur settur í gang

Laugardagur 15. júní

- Morgunverður í Árnesi kl.9-11
- Dagskrá verður í Þjórsárdal ca. frá kl. 11.30 – 14.00
- Þjóðveldisbærinn: Landnámssúpa og Víkingafélagið? **Anna ath. v. Valgerði á Húsatóftum v. búninga**
- Skógurinn: Skógarkaffi og lummur í skóginum – **Harpa Dís og Jóhannes**
 - Óli Odds með tálgunarámskeið/fleira?
- Náttúruskoðun fyrir krakka í skóginum – **Bergur og Anna** – fleiri?
- Sundlaugarnar opnar - **Eyþór**
- Handverksmarkaður í Árnesi seinnipartinn frá ca. 14 – 17
- Safnarasýning; Íbúar hvattir til að koma með það sem þeir safna til sýnis!
- Ljósmyndir úr sveitinni - ?
- Pubquiz / Trúbador í Árnesi um kvöldið – ath. v. Birgi í Þjórsárstofu að hafa einhver tilboð - **Anna**

Sunnudagur 16. júní

- Opin sundlaug - sundsprettur: 9-12 – medalíur fyrir þá sem synda 200 m - **Eyþór**
- Hádegisverður í Brautarholti – niðurgreitt – ath. v. Korngrís - **Anna**
- Brokk og Skokk – Spurning um að útvega hestagerði /aðstöðu til að geyma hross í Brautarholti og Brokk og Skokk svo haldið niðri á Murneyrum – jafnvel fleiri keppnir – **Hrönn**
- **Teymt undir börnum? – hugmynd Anna**
- Gönguferð að Búða með leiðsögn – **vantar leiðsögumann**
- **Meiri dagskrá fyrir börnin? – spurning frá Önnu**

Mánudagur 17. júní

- Verðlaunaafhending fyrir ratleik helgarinnar, bestu fuglahræðuna, íþróttamann ársins (UMF)

Auglýsingar

Matthías og Ástráður verði í samvinnu við Hannes Einarsson varðandi að auglýsa – búa til myndbönd

Hafa samband við handverksfólk, beint frá býli, o.fl.

Opin býli (hugmynd frá fyrri fundum tekin hér inn í skjalið)

Skaftholt – Húsatóftir – Reykir - Hlíð

Nafngift - hugmyndir

Gaukurinn – Landnámsdagurinn – Uppsprettan – Bergurinn – Spretturinn

Rosemarie fær Félag eldri borgara til að fara á flug varðandi nafngift – 10. maí.

Anna sendir öllum fundarmönnum fundargerð fundarins. Sendir einnig frétt í fréttabréfið.